

keypt til handa Bergstaðaprestakalli fyrir 950 krónur, og jafnframt leyfa, að tekið verði **167** til nefndra jarðakaupa lán uppá Bergstaðaprestakall, sem þó ekki getur fengizt af 17. okt. landssjóði, að upphæð 950 krónur, er ávaxtist og afborgist á 28 árum.

Þetta tilkynnist yður hjermed þjónustusamlega til þóknarlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna, um lán handa prestakalli til 168 kirkjubyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi 17. okt. herra, í þóknanlegu brjefi dags. 14. þ. m. og beiðni hlutadeigandi prests, vil jeg hjermed fallast á, að tekið sje 1000 króna lán til að fullgjöra hina nýju kirkju að Eyvindarhólum, þannig að lánið endurborgist með vöxtum á 10–15 árum af Eyvindarhólaprestakalli, að því leyti sem tekjur kirkjunnar ekki skyldu hrökkva til að endurborga og ávaxta lánið.

Þetta tilkynnist yður hjermed til þóknarlegrar leiðbeingar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna, um lán handa prestakalli til 169 kirkjugjörðar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra 17. okt. í þóknanlegubrjefi, dags. 1. f. m. og beiðni prestsins að Garpsdal, sjera Ólafs Ólafssonar, vil jeg hjermed veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki 400 kr. lán, sem þó ekki getur fengizt af landssjóði, til nauðsynlegra umbóta og aðgjörðar við Garpsdalskirkju, er þjer, herra biskup, tjáist hafa visiterað og skoðað á síðastliðnu sumri. Lán þetta ber að endurborga með áfallandi vöxtum á næstu 10 árum eptir lántökuna, og greiðist af Garpsdalsprestakalli að því leyti er tekjur kirkjunnar sjálfrar eigi árlega hrökkva til greiðslunnar.

Þetta tilkynnist yður hjermed þjónustusamlega herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknarlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, um greiðslu á 170 aðflutningsgjaldi á tóbaki. — Með þóknanlegu brjefi dags. 21. júní þ. á. hafið þjer, 20. okt. herra sýslumaður, skýrt mjer frá, að þegar póstgufuskipið «Thyra» kom til Seyðisfjarðar 13. d. septembermán. f. á., hafi þá verandi skipstjóri þess, premierlieutenant Boldt, sagt yður frá, að hann hefði meðferðs talsvert af tóbaki, kringum 5000 pd., tilheyrandi Jóni kaupm. Vidalín, er ættu að fara til Seyðisfjarðar, en að hann gæti ekki skipað því upp fyr en hann kæmi aptur frá Reykjavík, með því að það væri undir í skipinu. Þegar skipið kom sunnan aptur í október, var tóbakinu skipað í land, en á tíma þeim, er leið frá því er skipið kom fyrst til Seyðisfjarðar og þangað til tóbakinu var skipað upp, voru (hinn 1. okt.) gengin í gildi lög nr. 11, 9. ágúst f. á. er lögleiða hækkaðan tóbakstoll. Látið þjer í ljósi, að yður hafi þótt vafasamt, hvort heimta skyldi hinn hærri eða lægri toll af tóbaki þessu, og þar sem Jón kaupmaður Vidalín neitadi að greiða hinn hærri toll, af því að tóbakið í raun og veru hafi verið komið til Seyðisfjarðar fyrir 1. október, þótt það sakir áður nefndra atvika yrði ekki flutt úr

170 skipinu fyrr en það kom að sunnan í október, hafið þjer borið mál þetta undir úr-
20. okt. skurð minn.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar, að þar sem hinar umræddu, tollskyldu vörur voru komnar þangað, sem þær áttu að fara, þegar skipið, er flutti þær, var komið til Seyðisfjarðar 15. sept., og með því að viðkomandi tollembættismanni var þá sagt til þeirra, að þær væru þangað komnar og hvernig á því stæði, að þær væru ekki fluttar í land þá þegar, þá verður að álíta, að þær hafi þar með verið löglega innfluttar til Seyðisfjarðar 15. september, en þar af leiðir, að tollinn af þeim ber að reikna eptir þeim tollögum, sem þá giltu, þ. e. hinum eldri tollögum, er giltu til 1. október, og gerir það enga breytingu í þessu tilliti, þó að uppskipun drægist svo sem að ofan er greint, af ástæðum, er innflytjandi ekki gat að gjört, eptir að vörurnar voru komnar þangað sem þær áttu að fara, og sagt hafði verið til þeirra til tollgreiðslu.

171

Ágrip

af reikningingi landsbankans 1. júlí til 30. sept. 1890.

| | Tekjur: | Kr. a. | Kr. a. |
|--|--------------|------------|------------|
| 1. Í sjóði 1. okt. | | | 114,025 16 |
| 2. Borguð lán: | | | |
| a. Fasteignarveðslán | 17,103 22 | | |
| b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán | 7,107 17 | | |
| c. Handsveðslán | 2,180 00 | | |
| d. Lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfjelaga o. fl. | 1,535 00 | 27,925 39 | |
| 3. Víxlar innlestir. | | | 34,346 00 |
| 4. Ávísanir innlestar | | | 3,969 28 |
| 5. Vextir | | | 10,550 13 |
| 6. Diskonto | | | 558 71 |
| 7. Ýmislegar tekjur | | | 429 21 |
| 8. Frá Landmandsbankanum | | | 4,082 00 |
| 9. Innlög á hlaupareikning | | | 6,000 00 |
| 10. Sparisjóðsinnlög | | | 74,568 91 |
| | Tekjur alls: | 276,454 79 | |

Gjöld:

| | Kr. a. | Kr. a. |
|--|-----------|------------------|
| 1. Lánað gegn: | | |
| a. Fasteignarveði | 21,930 00 | |
| b. Sjálfsskuldarábyrgð | 22,485 00 | |
| c. Handveði | 8,010 00 | 52,425 00 |
| 2. Keyptir víxlar | | 41,860 00 |
| 3. Keyptar ávísanir | | 3,231 93 |
| 4. Til Landmandsbankans | | 4,592 84 |
| 5. Útborgað af innlögum á hlaupareikning | | 6,000 00 |
| | | Flyt: 108,109,77 |